


Áveitan

1. tbl. 10. árgangur. Janúar 2016



Merki Umf. Þjótanda tilbúið

Góðir lesendur, hér gefur að líta merki hins nýja ungmennafélags í Flóahreppi, Þjótanda. Merkið teiknaði ritari félagsins, Magnús St. Magnússon í Hallanda, en það er unnið að hluta upp úr hugmyndum nemenda í Flóaskóla.

Hugmyndin að baki merkisins er að koma í myndrænt form kraftinum og vindinum sem felst í nafninu en jafnframt að minnst á þau þrjú félög sem sameinuðust undir merkjum Þjótanda (vindarnir þrír í merkinu). Blái liturinn tengist svo merki

Flóahrepps með einum ljósbláum til þess að undirstrika ferskleikann sem einkennir nýtt félag.

Þrettándagleði Umf. Þjótanda

Þrettándagleði Umf. Þjótanda verður haldin í Félagslundi föstudagskvöldið 8. janúar og hefst samkoman kl 20:00. Gleðin hefst á stuttum leikþætti úr smiðju ungmenna félagsins, síðan verður spilað bingó og hátíðin endar á flugeldasýningu.

Miðaverð á samkomuna er 1000kr fyrir 12 ára og eldri, 500kr fyrir 6-11 ára og fimm ára og yngri fá frítt inn. Innifalið í miðaverði er eitt bingóspjald á mann en auka spjöld kosta 500 kr. Sjoppa verður á staðnum.

Fjölmennum nú á þennan fyrsta stórviðburð Umf. Þjótanda og kveðjum jólin á viðeigandi máta!

Skemmtinefnd

Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Kæru íbúar

Síðustu vikur ársins hafa einkennst af umhleyplingum í veðurfarinu með tilheyrandi óþægindum vegna ófærðar og hálfu. Reynt hefur verið eftir bestu getu að nýta mannskap og tækjakost og halda vegum opnum en vegakerfi Flóahrepps er um 150 km. Ekki er gert ráð fyrir að mokuð séu plön eða innkeyrslur að atvinnufyrirtækjum frekar en í þéttbýli, heldur er það á vegum íbúa og atvinnurekenda sjálfra að sjá um það. Gott hefur verið að fá frá ykkur ábendingar um ófærð og erfiðar aðstæður, bestu þakkir fyrir þær.

Akstur í frístundir á Selfossi eftir skólatíma í Flóaskóla, hófst í desember og er tilraunaverkefni sem verður unnið með sama hætti út febrúar. Að þeim tíma liðnum verður reynslan metin og teknar ákvarðanir um áframhaldið. Skráningareyðublöð fyrir hvern mánuð fyrir sig eru sett á heimasíðu Flóahrepps og liggja frammi á skrifstofu Flóahrepps. Innheimt er fyrir hvern mánuð fyrir sig. Fyrsta ferð á nýju ári verður farin mánudaginn 4. janúar.

Launavinnsla Flóahrepps færast um áramótin til Kolbrúnar Skúladóttur. Hún tekur á móti fyrirspurnum og athugasemdum vegna launa á símatíma skrifstofunnar mánudag til fimmtudaga í síma 480 4370. Netfang: kolbrun@floahreppur.is

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að starfsemin í upphafi ársins einkennist að árstíðabundnum verkefnum og framundan er uppgjör og endurskoðun ársreiknings, álagning og innheimta fasteignagjalda ásamt almennum skrifstofustörfum.

Atvinnu og umhverfisnefndin sendir mánaðarlega til okkar tillögur að verkefnum í umhverfisátakinu okkar sem við öll eftir bestu getu vinnum saman að.

Í félagsheimilunum verða haldin þorrablot og undirbúningur fyrir þau kominn vel á veg, búið að ráða hljómsveitir og farið að æfa skemmtiatriði.

Ómissandi mannamót í hverri sveit og tækifæri til þess að gleðjast með nágrönnum og gestum.

Sendi ykkur að lokum bestu óskir um gleðilegt nýtt ár með þökk fyrir árið sem er að líða.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Flóahreppur óskar eftir tilboðum í eftirfarandi:

1. Whirlpool ísskápur 180 á hæð, 60 á breidd og dýptin er 60. Þarfnast lagfæringar á hurð.
2. Zanussi eldavél stállituð með keramikborði.
3. 6 stk yfirfelldar hurðir (b 80cm) (karmbreidd ca 14 cm) Sumar með glugga.
4. 3 stk örtrefjavagnar til ræstinga. Eru stakir án fylgihluta.

Nánari upplýsingar hjá umsjónarmanni fasteigna Rúnari Magnússyni í síma 898 2554.

Fræðslufundur

Búnaðarfélag Villingaholts- og Gaulverjabæjarhrepps standa sameiginlega fyrir fræðslufundi miðvikudaginn 27. janúar nk. Starfsmaður frá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins mun fjalla um áburð og jarðrækt. Einnig verður kynning á tölvuforritinu jörð.is sem gagnast getur bændum afar vel við alla jarðrækt. Fundurinn fer fram í fundarsal MS á Selfossi og hefst kl. 20:30.

Allir áhugasamir velkomnir.

Stjórnirnar

Frá Umf. Baldri:

Þorablót

Mínum enn og aftur á að hið sívinsæla þorablót í Þingborg verður haldið laugardagskvöldið 6. febrúar 2016. Hljómsveit Geirmundar mun spila skagfirska sveiflu að loknum skemmtiatriðinu og borðhaldi. Nánar auglýst með dreifibréfi um miðjan janúar sem og á facebook.

Úrslit af Nýjársskáknoti Umf. Þjótanda

Nýjársskáknot Þjótanda 2016 var haldið laugardaginn 2.jan kl.10-12:30. Þáttaka var góð, 14 keppendur á tefldu 7 umferðir á 7 borðum. Þetta var skemmtilegt mót - m.a. unnu grunnskólanemar nokkra úr hóp fullorðinna. Ágúst vann Sverri í annari umferð en tapaði svo í 5.umferð fyrir Þórbergi bróður sínum eftir að hafa förnað hrók í mátssókn sem rann út í sandinn.

Heildarúrslit

Röð	Nafn	Vinningar
1	Sverrir Unnarsson	6
2	Ágúst Valgarð Ólafsson	6
3	Þórbergur Hrafn Ólafsson	5
4	Almar Máni Þorsteinsson	4.5
5	Anton Fannar	4
6	Reynir Bjarkason	3.5
7	Dagur Fannar Einarsson	3.5
8	Aron Birkir Guðmundsson	3.5
9	Þorsteinn Darri Sigurgeirsson	3
10	Heiðar Óli Guðmundsson	3
11	Sigurjón Óli Ágústsson	3
12	Guðmundur Jónasson	3
13	Daði Kolviður Einarsson	1
14	Guðbergur Davíð Ágústsson	0

Fullorðnir – 3 efstu

Röð	Nafn	Vinningar
1	Sverrir Unnarsson	6
2	Ágúst Valgarð Ólafsson	6
3	Þórbergur Hrafn Ólafsson	5

Grunnskóli – 3 efstu

Röð	Nafn	Vinningar
1	Almar Máni Þorsteinsson	4.5
2	Anton Fannar	4
3	Dagur Fannar Einarsson	3.5

Sjá nánar á <http://floaskak.blog.is>

Frjálsíþróttufréttir

Ingunn Harpa Bjarkadóttir keppti á dögnum á Hafsteinsmóti í atrennulausum stökkum sem fram fór 11. desember í Laugardalshöll. Ingunn gerði sér lítið fyrir og vann stigakeppni kvenna með 1944 stig og sigraði allar greinar. Árangrar hennar í langstökki og hástökki eru jafnframt Vökumet eftir 1987 og árangurinn í þristökki er jöfnun á meti Helgu B. Helgadóttur. Hér er árangur Ingunnar á mótinu í heild sinni:

Langstökk án atrennu	2,49 m
Þristökk án atrennu	6,90 m
Hástökk án atrennu	1,20 m

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Kæru kvenfélagskonur nú höldum við ótrauðar áfram vetrarstarfinu og byrjum á því að hittast í herberginu okkar í Þingborg eftirfarandi daga kl.20.00. 11.janúar, 8.febrúar og 29.febrúar. Hittumst sem flestar hressar og kátar, með eða án handavinnu og eigum góðar stundir saman.

Kveðja stjórnin.

Þorablót í Þjórsárveri

Þorablótið í Þjórsárveri verður haldið laugardagskvöldið 30. janúar 2016. Húsið opnar kl. 20.30 og borðhald hefst kl. 21.00.

Maturinn verður frá Múlakaffi og Stuðsveitin Lúxus mun leika fyrir dansi fram eftir nóttu.

Miðapantanir í síðasta lagi sunnudagskvöldið 24. janúar, en panta skal miða hjá Sólveigu á Skúfslæk 2 í síma 869 6534 eða hjá Huldu í Skálateig í síma 866 3245.

Fjölmönnum kæru sveitungar og tókum með okkur gesti.

Nefndin

***Ungmennafélagið Þjótandi er
á facebook***

Pistillinn

Það var sumarið 1999 sem við hjónin tókum þá ákvörðun að kaupa jörð og flytja úr skarkalanum í borg óttans. Það eru komin 16 ár sem við höfum búið hér á hólnum okkar og hafa þessi ár verið mjög góð þó það hafa verið nokkrir hnökrar. Eitt verð ég nú svona að minnast á, svolitíð skondið atriði fyrir borgarbörnin sem eru að koma af mölinni í dreifbýlið.

Fyrsti veturinn okkar var talsvert snjóþungur. Þegar við ætluðum að hugsa okkur til hreyfings og fara í kaupstaðarferð var allt ófært og ekki búið að moka, þá var hringt í oddvitann og hann spurður hvort ætti ekki að moka vegina, svarið sem ég fékk var "er ekki mjólkubillinn farinn framhjá" jú það er víst, þá þarf ekki að moka. Þetta svar var nú ekki alveg að gera sig fyrir borgarbarnið sem hugsaði í hvaða samfélag erum við flutt í? En ekki yfirgáfum við sveitina og erum við hér enn.

Ekki datt mér í hug að ég ætti eftir að fara í sveitapólitíkina þegar ég kom í sveitarfélagið en þau skref tók ég árið 2006 og er enn að, þetta er búin að vera frábær ár að fá að starfa að þessum málum og ég hef verið það heppin að fá að starfa fyrir ykkar hönd íbúa Flóahrepps og fundist þetta alltaf jafn gaman, að sinna þessum málum. Þetta hafa verið lærdómsrík ár að sitja í sveitarstjórn og einnig að vera með fræðslumálin í sveitarfélaginu. Það hefur verið ánægjulegt að sjá Flóahrepp verða til og fá að starfa við uppbyggingu sveitarfélagsins. Ég er mjög stolt hvað okkur hefur tekist til með Flóahrepp. Við höfum gert sveitarfélagið eftirsóknarvert til búsetu og svo eigum við frábærar skólastofnanir sem styrkja sveitarfélagið okkar enn meira fyrir búsetu.

En nú eru komin stór tímamót hjá mér og minni fjölskyldu þar sem við erum að flytja úr sveitarfélaginu og aftur á mölina og mun ég þá hætta í sveitarstjórn. Á þessum tímamótum vil ég þakka ykkur íbúum fyrir þann stuðning sem þið hafið veitt mér á þessum árum og vil ég óska sveitarstjórn velfarnaðar út kjörtímabilið. Varamaður minn hún Rósa Matthíasdóttir mun taka sæti mitt og sitja út kjörtímabilið þarna fáum við/þið mjög góðan fulltrúa til starfa.

Ég skora á Sigríði M. Björgvinsdóttir, Tjörnum, að skrifa næsta pistil. Kærar þakkir fyrir öll árin okkar hér í sveit.

Elín Höskuldsdóttir

Héraðsmót HSK í frjálsíþróttum innanhúss

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára, unglíngamót HSK 15-19 ára og Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum 2016 munu fara fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 10. janúar.

Aldursflokkamótið hefst kl 10:00 en 15 ára og eldri mæta til leiks kl 13:00.

Keppnisgreinar og flokkaskipting á aldursflokkamóti:

Stúlkur og piltar 11-12 ára: 60 m hlaup - 600 m hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.

Stúlkur og piltar 13-14 ára: 60 m hlaup - 60 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.

Hver árgangur keppir sér í flokki á aldursflokkamótinu.

Keppnisgreinar og flokkaskipting á unglíngamóti:

Stúlkur 15 ára: 60 m hlaup - 60 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.

Stúlkur 16 – 17 ára: Sömu greinar

Stúlkur 18 – 19 ára: Sömu greinar

Piltar 15 ára: 60 m hlaup - 60 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.

Piltar 16 – 17 ára: sömu greinar

Piltar 18 - 19 ára: sömu greinar

Keppnisgreinar og flokkaskipting á Héraðsmóti fullorðinna

Karlar og Konur: 60 m hlaup - 60 m gr. hlaup - 800 m hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.

Umf. Þjótandi ætlar sér að senda öflugt lið til leiks og Örvar Rafn Þjálfari félagsins er að skipuleggja hópferð á mótið fyrir þá sem hafa verið að mæta á æfingar hjá honum. Öðrum sem hafa áhuga á að keppa er bent á að tala við formann íþróttanefndar, Árna Geir Hilmarsson, til þess að skrá sig fyrir kl 18:00 föstudaginn 8. janúar. Netfangið hjá honum er arni@floaskoli.is og símanúmerið 898-1830. Við hvetjum jafnt unga sem aldna til þess að mæta til leiks og við minnum á að bestu árangrar Þjótandamanna á mótinu verða Þjótandamet í frjálsum íþróttum!

**Tilkynning frá Hamarssamtökunum við Geirsgötu
- um Þorrablót Gaulverja -
6. febrúar 2016**

Á Þorrablóti Gaulverja nú allir verða í stuði,
í Félagslund þá höldum við og hættum öllu puði.
Bandmenn ætla að spila þar og stjórna okkur öllum,
sveiflast pils og faldar hjá kerlingum og köllum.

Hálf-nú við mætum öll og alveg stundvíslega,
sjöþúsund við borgum inn, við giskum mátulega.
Engan má nú vanta og ekki missa af þessu,
pantið bara miðana hjá Möggu eftir messu.

Siggi' og Stebba eiga líka svona fína síma,
en flýtið ykkur mikið því þau hafa engan tíma.
Áður en nú janúar þá alveg enda tekur,
panta verður miðana svo ekki tárið lekur.

Pússa skal því skótauið og æfa gömlu sporin,
skvetta djarft úr klaufunum sem kálfarnir á vorin.
Fljótt nú taktu' upp tólið, tíminn hratt vill líða,
Siggi, Magga og Stebba núna öll við símann bíða.

*Siggi í Hamarskoti s. 486 1111 og 862 0047,
Magga á Velli s. 486 3377 og 846 9287,
Stebba í Hammó s. 486 3364 og 695 1332*



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá Umf. Vöku:

Aðalfundur Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku verður haldinn í Þjórsárveri mánudagskvöldið 18. janúar. Á fundinum verða að stórum hluta hefðbundin aðalfundarstörf en einnig verður borin upp eftirfarandi tillaga frá stjórn félagsins:

Aðalfundur Umf. Vöku haldinn í Þjórsárveri 18. janúar 2016 samþykkir að Umf. Vaka verði lagt niður og eignir þess gangi til Umf. Þjótanda í Flóahreppi.

Í fundarhléi verða veglegar kaffiveitingar í tilefni áttugasta starfsárs félagsins auk þess sem áhugasömum verður boðið uppá að spreyta sig í langstökki án atrennu og hugsanlega setja þar Vökumet sem munu standa óhögguð það sem eftir lifir. Metið í langstökki karla eftir 1987 er 2,98m og kvennametið 2,49m. Við hvetjum alla Vökumenn til að koma á fundinn og eiga góða stund saman.

Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning og skipan fundarstarfsmanna
2. Inntaka nýrra félaga
3. Fundargerð síðasta aðalfundar
4. Skýrsla stjórnar og reikningar
5. Tillögur lagðar fram
6. Fundarhlé
7. Verðlaunaafhending
8. Umræða um tillögur og afgreiðsla
9. Önnur mál
10. Fundarslit

Stjórn Umf. Vöku

Fréttir af skötuveislu

Það voru um 130 manns sem mættu í Þjórsárver og snæddu skötu og saltfisk á Þorláksmessu. Félagið vill nota tækifærið og þakka öllum sem létu sjá sig kærlega fyrir komuna. Sérstakar þakkir fá þeir sem gáfu félaginu hráefni til veislunnar, en það eru Guðsteinn og Kristín á Egilsstöðum sem gáfu kartöflur, Sturla og Mareike á Fljótshólum sem gáfu rófur og Kristín og Ólafur á Hurðarbaki sem gáfu hamsatólg.

Stjórnin

Frá Samhygð:

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudaginn 17. janúar og hefst kl. 14:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess fyrir liggur tillaga um slit félagsins og færslu eigna þess og starfsemi inn í Umf. Þjótanda. Vonumst til að sjá sem flesta féлага.

Stjórnin

Glímufréttir:

Glímuæfingar

Æfingar hefjast fimmtudagskvöldið 7. janúar og verða á sama tíma og fyrir áramót frá 20 til 21:30 í Félagslundi. Þjálfari er sem fyrr Stefán Geirsson.

Jón Gunnþór efnilegastur

Stjórn Glímusambands Íslands ákvað þann 6. desember að útnefna Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Samhygð efnilegasta glímumann ársins 2015. Umsögn stjórnarinnar fylgir hér að neðan.

Jón Gunnþór Þorsteinsson, HSK

Jón Gunnþór er 17 ára og hefur verið duglegur að keppa á mótum Glímusambandsins undanfarin ár. Jón Gunnþór er jafnvígur á sókn og vörn í glímu og hefur gengið vel í keppni á undanförunum árum. Jón Gunnþór er mikill keppismaður sem virðir gildi glímunnar og er til fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan.

Vilt þú ganga til liðs við Umf. Þjótanda?

Umf. Þjótandi er nýtt ungmennafélag í Flóahreppi og það er hagar okkar allra að sem flestir skrái sig í þetta nýja félag og geri það öflugra fyrir vikið. Félagar gömlu ungmennafélaganna munu færast sjálfkrafa yfir í nýja félagið en þeir sem ekki eru skráðir í neitt ungmennafélag en hafa áhuga á að ganga til liðs við okkur geta haft samband við formann félagsins, Guðmundu Ólafsdóttur og skráð sig hjá henni. Netfangið hjá Guðmundu er gudmunda89@gmail.com og síminn 846-9775.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	7. janúar
Þrettándagleði Umf. Þjótanda	8. janúar
Héraðsmót í frjálsum íþróttum í Kaplakrika	10. janúar
Herbergiskvöld Kvenfélags Hraungerðishrepps	11. janúar
Glímuæfing	14. janúar
Aðalfundur Umf. Samhygðar	17. janúar
Aðalfundur Umf. Vöku	18. janúar
Glímuæfing	21. janúar
Fræðslufundur búnaðarfélaganna	27. janúar
Glímuæfing	28. janúar
Þorrablót í Þjórsárveri	30. janúar
Þorrablót í Félagslundi	6. febrúar

